

# SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Háaleitisbraut 11, pósthólf 8100, 128 Reykjavík  
© (354) 581 3711, telefax (354) 568 7866



Eindli nr. 5 118 / 1995

komiðagur 28/2 1995

Sam 66/1995 PS/ÁT

Reykjavík, 23. febrúar 1995

## **Umsögn um nýja breytingartillögu frá meirihluta menntamálanefndar Alþingis við frumvarp til laga um grunnskóla**

Sambandi íslenskra sveitarfélaga hefur borist bréf frá formanni menntamálanefndar Alþingis, dags. 22. febrúar 1995, með nýjum breytingartillögum frá meirihluta menntamálanefndar Alþingis við frumvarp til laga um grunnskóla, 126. mál. Í bréfinu er þess farið á leit, að sambandið taki afstöðu til breytingartillagnanna.

Samband íslenskra sveitarfélaga telur, að þó ekki hafi verið komið til móts við allar breytingartillögur þess við frumvarpið, þá séu nýjar breytingartillögur frá meirihluta menntamálanefndar til verulegra bóta.

Að teknu tilliti til þessara breytingartillagna frá meirihluta menntamálanefndar Alþingis getur Samband íslenskra sveitarfélaga fallist á að frumvarpið verði samþykkt á yfirstandandi þingi, enda beri ríkið kostnaðarauka er leiðir af gildistöku einstakra greina frumvarpsins fyrir 1. ágúst 1996, sem ákveðin verður í reglugerð er menntamálaráðherra setur sbr. 57. gr.

Virðingarfyllt,

Þórður Skúlason, framkvstj.

Menntamálanefnd Alþingis  
frú Sigríður Anna Þórðardóttir, alpm.,  
Alþingi,

150 REYKJAVÍK